

4. DKG-fundur vetrarins haldinn að Iðu í Biskupstungum 14.janúar 2017.

Gestgjafi fundarins var: Elínborg Sigurðardóttir.

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður Epsilondeildar setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.
2. Þá var nafnakall viðhaft og las Ingibjörg formaður upp nöfn félagskvenna og bað fyrir kveðjur. 16 konur voru mættar.
3. Orð til umhugsunar var á sínum stað þar sem Elín Hannibalsdóttir las m.a. upp úr afmælisriti DKG sem gefið var út í tilefni af 30 ára afmæli samtakanna árið 2007. Elín las ávarp landsambandsforseta samtakanna sem þá var Ingibjörg Einarsdóttir. Ávarpið minnti okkur á tilgang og sögu félagsins og þann mannauð sem samtökin hafa á að skipa. Þá las hún einnig upp ljóð.
4. Sigfríður ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
5. Bókarýni okkar var aðalefni fundarins. Hver og ein systir fékk tækifæri til að benda á bók/bækur sem hún hafði nýlega lesið. Miklar og góðar umræður spunnust um bækurnar og innihald þeirra. Hér verður tæpt á þeim sem nefndar voru á fundinum. **Elsku Drauma mín** e. Vigdís Grímsdóttir, **Íslendingar** e. Unni Jökulsdóttir, **Heiða afdalabóndi** e. Steinunni Sigurðardóttur, **Týnda dóttirin** e. Shilpi S. Gowda, **Tvísaga** e. Ásdís Höllu Bragad, **Óleyfileg norsk, Samskiptaboðorðin** e. Aðalbjörgu S. Helgad., **Tímaskekkjur** e. meistaranema HÍ, 2016, **Þættir** e. Hjalta Gestsson frá Hæli, **Skegg Raspútins** e. Guðrúnu Evu Mínervudóttur, **Líkvaka, Heimkoman** e. Björn Þorláksson, **Hestvík** e. Gerði Kristnýju, **Vinkonubækurnar** e. Eleni Ferrante, **Fórnarleikar** e. Álfrúnu Gunnlaugsdóttur, **Kona tígursins** e. Téa Obreht, **Skriftir** e. Pétur Gunnarsson, **Sofðu ástin mín** e. Andra Snæ Magnason, **Hveragerði heimsins besti staður** (vísur Hveragerðisskaldanna), **Borgin við Sundið** e. Tryggva Gíslason, **Svartalogn** e. Kristínu Marju Baldurdsóttur, **Ör** e. Auði Övu Ólafsdóttur, **Næturgalinn** e. Kristin Hannah, **Skriftir**/örlagagletta e. Pétur Gunnarsson, **Plökkfiskbókin** e. Eirík Örn Norðdahl, **Átthagar**/Ísfirðingar margra landa segja frá e. Herdís M Hubner, **Huldubjóðir Evrópu** e. Þorleif Friðriksson, **Hrafnskelsstaðir bernsku minnar, Gamansögur úr Árnesþingi** e. Jóhannes Sigmundsson, **Þættir af séra Þórarinum ofl.** e. Þórarinn Eldjárn.
6. Þá las Sigríður Guttorms fyrir okkur grein sem hún þýddi lauslega úr Times og fjallaði hún um læsi í víðum skilningi. Einkar athyglisverð grein hér á ferð og flott framtak hjá Sísu.
7. Næsti fundur verður 13.febrúar n.k.
8. Dregið var úr happdrættinu okkar og hlaut Elín Hannibalsdóttir vinningin.
9. Að lokum gæddum við okkur á dásamlegu kjúklingasalati og heimabökuðu brauði og öðru góðgæti.
10. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigfríður Sigurgeirsdóttir, ritari